



# VINNSLUSTÖÐIN HF.

AÐALFUNDUR VINNSLUSTÖÐVARINNAR HF.  
• Haldinn í Akógeshúsinu 8. maí 2009 kl. 16:00 •

## Tillögur:

### **TILLAGA VIÐ 6. LIÐ DAGSKRÁR**

*Skv. 3. tl. 12. gr. samþykktá félagsins:*

„Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap á liðnu reikningsári.”

Tillaga stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf.:

„Aðalfundurinn samþykkir að greiða ekki arð til hluthafa.”

### **TILLAGA VIÐ 7. LIÐ DAGSKRÁR**

*Skv. 4. tl. 12. gr. samþykktá félagsins:*

„Kosning stjórnar skv. 19 gr.”

### **TILLAGA VIÐ 8. LIÐ DAGSKRÁR**

*Skv. 5. tl. 12. gr. samþykktá félagsins:*

„Kosning endurskoðenda félagsins.”

Tillaga stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf.:

„Aðalfundurinn samþykkir að löggiltir endurskoðendur Vinnslustöðvarinnar hf. verði Deloitte hf.”

### **TILLAGA VIÐ 9. LIÐ DAGSKRÁR**

*Skv. 6. tl. 12. gr. samþykktá félagsins:*

„Samþykkt starfskjarastefna.”

Tillaga stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf.:

„Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.”

## 1. Tilgangur.

Starfskjarastefna Vinnslustöðvarinnar hf. miðar að því að gera starf hjá Vinnslustöðinni hf. eftirsóknarvert. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum.

## 2. Starfskjör stjórnarmanna.

Þóknun til stjórnarmanna og varamanna skal ákveðin á aðalfundi ár hvert og skal þóknunin taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

### 3. Starfskjör framkvæmdastjóra.

Starfskjör framkvæmdastjóra skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi, þar á meðal föst laun, árangurstengdar greiðslur, kaupréttur, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur, svo og, eftir atvikum, eftirlaunaréttindi og greiðslur við starfslok.

### 4. Starfskjör stjórnenda.

Starfskjör annarra æðstu stjórnenda félagsins, sem nánar skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningum, skulu einnig taka mið af sjónarmiðum 3. gr. eftir því sem við á.

### 5. Endurskoðun starfskjarastefnu. Upplýsingagiöf.

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund félagsins til samþykktar eða synjunar.

Á næsta aðalfundi ber stjórn að gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félagsins auk þess að skýra frá framkvæmd starfskjarastefnunnar. Frávik frá starfskjarastefnunni skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki og færð til bókar.

Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársreikningi félagsins.

## **TILLAGA VIÐ 10. LIÐ DAGSKRÁR**

*Skv. 7. tl. 12. gr. samþykktá félagsins:*

„Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðenda.”

Tillaga stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. um þóknun til stjórnarmanna:

„Aðalfundurinn samþykkir að þóknun til stjórnarmanna verði kr. 650.000,- stjórnarformaður fái tvöfalda þóknun stjórnarmanna. Varastjórnarmenn fái greitt eftir fundarsetu, kr. 65.000,- fyrir hvern fund en þó aldrei hærra en kr. 650.000,-”

Tillaga stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. um þóknun til endurskoðenda:

„Aðalfundurinn samþykkir að þóknun til endurskoðenda félagsins verði skv. reikningi”

## **TILLAGA VIÐ 11. LIÐ DAGSKRÁR**

*Skv. 8. tl. 12. gr. samþykktá félagsins:*

Tillaga stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf.:

„Aðalfundurinn samþykkir með vísan til 55. greinar hlutafélagalaga nr. 2/1995, að heimila stjórn félagsins á næstu átján mánuðum að kaupa hlutabréf í Vinnslustöðinni hf., allt að 155 mkr. að nafnverði. Má kaupverð bréfanna eigi vera hærra en 10% yfir síðasta þekktu söluverði áður en kaup eru gerð. Ekki eru sett lágmark á heimild þessa, hvorki hvað varðar kaupverð né stærð hlutar sem keyptur er hverju sinni.”

## **TILLAGA VIÐ 12. LIÐ DAGSKRÁR**

*Skv. 9. tl. 12. gr. samþykktá félagsins:*

Tillaga stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf.:

„Aðalfundurinn samþykkir að félagið kaupi stofnfé að fjárhæð kr. 50.000.000,- í Sparisjóði Vestmannaeyja enda komi Ríkissjóður að stofnfjárukningu í sjóðnum. Samþykkt þessi hefur tímamörk sem eru 31. desember 2009“

Tillaga stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf.:

„Aðalfundurinn samþykkir að stjórn félagsins nýti eigin hluti í félaginu sem gagngjald fyrir hutabréf í Ufsabergi-útgerð ehf. í tengslum við mögulega sameiningu félaganna.“